

# RÁÐNINGARSAMNINGUR

## SVEITARSTJÓRA DALABYGGÐAR

Undirritaðir, Dalabyggð, kt. 510694-2019, Miðbraut 11, 370 Búðardal, í samningu þessum nefnd sveitarfélagið og Björn Bjarki Þorsteinsson, kt. 040768-5059, í samningu þessum nefndur sveitarstjóri, gera með sér svohljóðandi samning:

### 1. grein.

#### *Ráðningartími og uppsagnarfrestur*

Björn Bjarki Þorsteinsson er ráðinn sveitarstjóri Dalabyggðar frá og með 1. ágúst 2022 og út yfirstandandi kjörtímabil, þ.e.a.s. til 31. maí 2026, með þeim réttindum og skyldum sem starfinu fylgja. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á gildistíma samnings er 6 mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðarmót.

### 2. grein.

#### *Vinnutími*

Sveitarstjóri er ráðinn í fullt starf. Innifalið í föstum mánaðarlaunum er öll yfirvinna og allt starfstengt ónæði utan vinnutíma.

### 3. grein.

#### *Starfsvettvangur og ábyrgðarsvið*

Sveitarstjóri skal búa í sveitarfélaginu Dalabyggð. Um starfs- og ábyrgðarsvið sveitarstjóra Dalabyggðar fer skv. VI. kafla sveitarstjórnarlagar nr. 138/2011 og samþykkt um stjórni sveitarfélagsins Dalabyggðar nr. 391/2018, með síðari breytingum (nr. 437/2020 og nr. 1699/2021).

Sveitarstjóra skal gefinn kostur á að afla sér viðbótarþekkingar s.s. með því að sækja endurmenntun er starf hans varðar allt að 5 daga á ári.

Sveitarstjóri leysir hluta af starfsskyldum skrifstofustjóra í forföllum og leyfum viðkomandi starfsmanns eftir því sem kostur er. Leitast skal við að leyfi skrifstofustjóra falli ekki saman við leyfi sveitarstjóra.

Sveitarstjóri geginir störfum framkvæmdastjóra Dalagistingar ehf. og Dalaveitna ehf. eftir óskum stjórnar félaganna hverju sinni. Sveitarstjóri er fulltrúi Dalabyggðar í nokkrum ráðum og nefndum skv. ákvörðun sveitarstjórnar og má sitja í öðrum stjórnum á vegum samtaka sveitarfélaga eftir því sem tækifæri gefst.

### 4. grein.

#### *Aukastörf sveitarstjóra*

Sveitarstjóra er óheimilt án samþykksis sveitarstjórnar að taka að sér önnur störf, hvort heldur er launuð eða ólaunuð, eða vera beint eða óbeint þátttakandi í annarri starfsemi.

### 5. grein.

#### *Launakjör*

Föst mánaðarlaun sveitarstjóra eru kr. 1.675.000,. Laun greiðast mánaðarlega eftirá. Ekki er greitt sérstaklega fyrir setna fundi og/eða nefndastörf nema um það sé sérstaklega samið. Föst laun fylgja breytingu skv. launavísitölu. Laun eru endurskoðuð 1. desember ár hvert og taka mið af launavísitölu næstliðins nóvembermánaðar. Launavísitala til viðmiðunar við upphaf samnings er launavísitala í maí 2022, 856,8 stig.

Sveitarstjóri á rétt á biðlaunum í 6 mánuði eftir að hann lætur af starfi. Þiggi fyrrverandi sveitarstjóri laun vegna annarra starfa á því tímabili sem hann á rétt á biðlaunum vegna fyrri starfa sinna sem sveitarstjóri skerðast biðlaunin sem þeim launum nemur.

#### **6. grein.**

##### **Hlunnindi**

Sveitarstjóri fær farsíma til afnota. Sveitarfélagið greiðir fyrir notkun farsíma, mánaðargjöld heimasíma og internettengingu og iðgjöld af veikinda-, slysa- og líftryggingu. Sveitarfélagið leigir sveitarstjóra íbúðarhúsnæði að Stekkjarhvammi 5 í Búðardal skv. gjaldskrá um leiguíbúðir Dalabyggðar.

Sveitarstjóri fær greiddan fastan akstur, 1.000 km. á mánuði sem nær yfir allan akstur innan Dalabyggðar.

#### **7. grein.**

##### **Orlof**

Sveitarstjóri heldur föstum greiðslum á orlofstímabili. Orlof er 30 dagar á hverju almanaksári. Miðað skal við að töku orlofs sé lokið fyrir 1. maí ár hvert hafi aðstæður í starfsemi sveitarfélagsins ekki hindrað töku orlofs. Sveitarstjóri ákveður orlofstíma með tilliti til hagsmuna sveitarfélagsins og veitir oddvita þess upplýsingar þar að lútandi.

#### **8. grein.**

##### **Önnur kjaraatriði**

Önnur kjaraatriði en þau sem kveðið er á um í samningi þessum s.s. varðandi veikindarétt, lífeyrishiðjöld o.fl. skal farið með sama hætti og gildir um fastráðna starfsmenn Dalabyggðar sem taka laun eftir samningum háskólamanna við launanefnd sveitarfélaga. Sveitarstjóri ákveður í hvað lífeyrissjóð, lífeyrissjóðsgreiðslur vegna starfs hans eru greiddar.

#### **9. grein.**

##### **Trúnaður**

Sveitarstjóri skal gæta trúnaðar í starfi sínu fyrir Dalabyggð í samræmi við lög og 55. grein samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar nr. 391/2018, með síðari breytingum (nr. 437/2020 og nr. 1699/2021).

#### **10. grein.**

##### **Eintök**

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

#### **11. grein.**

##### **Ágreiningsmál**

Sérhvern ágreining milli sveitarfélagsins og sveitarstjóra sem upp kann að rísa og tengist á einn eða annan hátt þessum samningi má leggja fyrir Héraðsdóm Vesturlands.

Til staðfestingar rita aðilar nafn sitt undir samning þennan.

Búðardal, 11. júlí 2022

Björn Bjarki Þorsteinsson

Björn Bjarki Þorsteinsson  
kt. 040768-5059

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

f.h. Dalabyggðar  
Eyjólfur Ingvi Bjarnason  
kt. 290384-3119